

1870.

8. marz.

á Hvítanesi í Ögurhrepp í Ísafjarðar-sýslu og Jón Þorsteinsson á Hesti í Súðavíkurrepp í sömu sýslu ábyrgjast, að ekkert sé til fyrirstöðu hjónabandi Þórðar snikkara Magnússonar á Borg í Skötufirði og Guðríðar Hafliðadóttur.

Með því málavextir eru svo, að meinbugir hafa verið á hjónabandi þessu samkvæmt D. L. 3—16—8, sendir stjórnarráðið yður, herra amtmaður, fyrnefnt eptirrit, og mælist til að þèr látið hefja rannsókn um þetta efni, og síðan eptir málavöxtum lögsókn gegn svaramönnum fyrir þetta athæfi þeirra.

9. marz.

25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um árpening handa dannebrogsmanni.

Orðustjórnin hefir tilkynnt dómsmálastjórninni, að hans hátign konunginum hafi allramildilegast þóknazt, 28. f. m., að veita dannebrogsmanni og sáttasemjara, fyrrum hreppstjóra Eiríki Helgasyni í Kampholti í Arnessýslu, árpening úr orðusjóðnum, sem skuli borgast honum með 50 rd. á ári.

Um leið og þetta tilkynnist yður, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtíð það, skal því viðbætt, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað landfógetanum, að borga hlutadeiganda 25. rd. á hverju misseri úr jarðabókarsjóðnum, ef hann hefir verið á lífi þann dag, er þessi konungsúrskurður var veittur.

12. marz.

26. Tilskipun fyrir Ísland, um uppreist á æru og fl. (á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Útaf þegnlegri bænaraskrá frá alþingi bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Með þeim skilmálum, sem hèr á eptir segir, má veita þeim manni, sem hefir með dómi verið dæmdur sekur um eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almennings álitu, uppreist æru sinnar,

1870:
12. marz.

er hann er búinn að úttaka hegninguna, eður hegningin hefir verið gefin honum upp. Þá er maður hefir fengið uppreist æru sinnar, nemur hún af úr því, og þangað til að hann að nýju er dæmdur sekur um eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almennings álitu, allar þær afleiðingar, sem að lögum eru bundnar við þá skerðingu æruréttinda hans, er leiðir af dómnum.

2. grein.

Enginn getur fengið uppreist æru sinnar fyrir en liðin eru 5 ár frá því að hegningin var út tekin eða gefin upp. Sá, sem vill fá uppreist æru sinnar, verður að færa sönnur á, að hegðun hans 5 síðustu árin hafi verið ólastanleg; skal það sannað með vottorði áreiðanlegra manna, sem hafa átt kost á að taka vandlega eptir breytni hans.

3. grein.

Bænarskjal um uppreist á æru skal, ásamt álitsskjali yfirvalds þess og bæjar- eða sveitarstjórnar, sem í hlut á, ef að beiðandinn á heima á Íslandi, sent til háyfirvaldsins og þaðan til dómsmálastjórnarinnar. Með bænarskjalinu eiga að fylgja skilríki þau, sem um er rædt í 2. grein, og sömuleiðis eptirrit af dómi þeim, sem kveðinn hefir verið upp yfir beiðandanum, og nákvæm skýrsla um verustaði hans frá því að hann var dæmdur. Hafi honum verið gjört að gjalda bætur fyrir skaða þann, er hlotizt hefir af broti hans, ber einnig, eins og auðið er, að skýra frá, hvort skadabæturnar hafi verið goldnar eða gefnar upp. Ef að dómsmálaráðherrann, er hann hefir leitað álits dómstóls þess, sem kveðið hefir upp dóminn yfir beiðandanum, þykist geta mælt fram með bænarskjalinu, skal málið borið upp fyrir konungi til úrskurðar. Þái bænin eigi áheyrslu, má ekki endurnýja hana fyrir en að tveim árum liðnum, og verður þá að útvega skýrslu þær, sem að framan eru nefndar, fyrir þann tíma, sem liðinn er frá síðustu synjun bænarinnar.

4. grein.

Hafi maður fengið uppreist æru sinnar, eptir að hann er orðinn 25 ára að aldri, og verði eptir það dæmdur sekur um eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almennings álitu, og framið er

1870.
12. marz.

eptir veitingu uppreistarinnar, má ekki veita honum að nýju uppreist æru hans.

5. grein.

Hafi maður verið ákærður um eitthvert verk, sem svívirðilegt er að almennings áliti, og að eins verið dæmdur sykn af frekari ákærum, má að fimm árum liðnum, frá því að fullnaðardómurinn var upp kveðinn, veita honum uppreist æru hans með þeim skilyrðum, sem að öðru leyti eru sett í tilskipun þessari um þá, sem hafa verið dæmdir sekir.

Eptirleiðis má ekki dæma neinn mann syknán af frekari ákærum.

6. grein.

Eins og hegningardómar fyrir verk, framin af þeim, sem yngri eru en 15 ára, ekki hafa í för með sér neina skerðingu réttinda þeirra, sem komin eru undir óflekkuðu mannorði, eins skal hið sama eiga sér stað um hegningardóma, sem kveðnir eru upp eða kveðnir hafa verið upp yfir þeim, sem eru á aldursskeiði frá 15 til 18 ára, svo framarlega sem hegningarnar, er þeir eru dæmdir í, fara ekki fram úr hýðing með reyrríki eða fangelsi við venjulegt fanga-viðurværi. Fyrir því þarf engrar uppreistar á æru að því er slíka dóma snertir.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir þessari tilskipun:

Eptir að konungsfulltrúi á alþingi, samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 9. júlí f. á.¹⁾ hafði veitt alþingi færi á að ihuga, hvort við ætti að löggilda á Íslandi nokkurt af hinum almennu lagaboðum, sem út komu í Danmörku á árunum 1867 og 1869, ræddi alþingi þetta mál á lögskipaðan hátt, og samdi síðan álitsskjal²⁾ um það, þar sem beðið var um, að lagaboð um uppreist á æru og fl., 3. apríl 1868, verði óbreytt leidd í lög handa Íslandi.

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 777, og Tíðindi frá alþingi 1869 II., 102.

²⁾ Tíðindi frá alþingi 1869 II., 170—171, 174—176 og 198—199.

Samkvæmt þessu er nú tæð lagaboð löggilt handa Íslandi 12. marz þ. á. með nokkrum breytingum í danska textanum, sem dómsmálastjórnin hefir stungið uppá; og hær skulu greindar.

1870.
12. marz.

1. Orðinu „*Kommunalbestyrelse*“ í 3. grein laganna 3. apríl 1868 er breytt í „*kommunal Autoritet*“, af því að „*Kommunalbestyrelse*“ í eiginlegri merkingu þessa orðs er ekki til neinstaðar á Íslandi, nema í kaupstöðunum: Reykjavík, Akureyri og Ísafirði.

2. Í sömu grein laganna er orðunum „*her i Landet*“ breytt til „*i Island*“, og

3. ennfremur er orðunum „*eller forsaauidt det er ved militair Ret fra Generalauditören*“ sleppt, þæð þessi orðatiltæki eiga ekki við um það er Ísland snertir.

27. Opíð bréf handa Íslandi um, að þeir, sem senda inn bænarskrár og kæruskjöl, geti fengið álitsskjölin um málið¹ (á Íslenzku og Dönsku).

12. marz.

Vær Kristján hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vær höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs handa Íslandi um, að þeir, sem senda inn bænarskrár og kæruskjöl, geti fengið álitsskjölin um málið, þjóðum Vær og skipum fyrir á þessa leið:

Sá, sem sent hefir bænarskrá til embættismanna eður til bæjar- eða sveitastjóra, eður kæruskjal um þá, og málefnið varðar sjálfan hann, skal, ef bæn hans eigi fær áheyrslu, eða kæran eigi er til greina tekin, eiga heimting á, er hann fer þess á leit, að fá eptirrit einusinni af álitsskjali því eða álitsskjölum þeim, sem rituð hafa verið um málefnið, eða færi á að eptirrita þau.

Þetta á samt ekki við um bænarskrár um embætti eða sýslanir, eða um undanþágur undan ákæru, uppgjöf eða linun á refs-

¹) Tíðindi frá alþingi 1869 II., 66, 134—135, 139 og 227.